



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurnum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu biðlista eftir leikskólum og meðalaldur barna við inngöngu í borgarrekna leikskóla haustið 2023

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 24. apríl 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er upplýsinga um stöðu biðlista sundurliðað eftir leikskólum. Þá er óskað upplýsinga um áætlaðan meðalaldur barna við inngöngu (ekki innritun) í borgarreknum leikskólum í ágúst-september næstkomandi. Tekið er fram að verið er að spyrja um meðalaldur barna sem munu hefja leikskólagöngu í fyrsta skipti, þ.e. munu ekki hafa verið áður í leikskóla, t.d. í öðru sveitarfélagi eða hjá sjálfstætt starfandi leikskóla.

Jafnframt var á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. maí 2023, lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Á síðasta fundi ráðsins 24. apríl sl. lögðum við fram fyrirspurn um stöðu biðlista, sundurliðað eftir leikskólum, og fleiri atriði sem vörðuðu stöðu leikskólamála í Reykjavík. Fyrirspurninni er enn ósvarað. Þetta sætir furðu í ljósi þess að svokallaðri seinni úthlutun í leikskóla lauk 17. apríl sl. og vitað er að margir aðstandendur barna á leikskólaaldri eru afar óánægðir með stöðu umsókna sinna barna um leikskólapláss í Reykjavík. Þessi skortur á upplýsingagjöf er óviðunandi og er þess eindregið óskað að þær upplýsingar sem beðið var um í áðurnefndri fyrirspurn frá 24. apríl sl., verði sendar sem fyrst á kjörna fulltrúa í ráðinu og settar á dagskrá næsta reglulegs fundar skóla- og frístundaráðs.

Svar:

Þann 15. júní 2023 voru 1495 börn með boðna vistun í borgarrekinn leikskóla. Þar af voru 911 nýjar umsóknir/vistunarsóknir, 373 flutningsumsóknir á milli borgarrekinnna leikskóla og 211 flutningsumsóknir frá sjálfstætt starfandi leikskólum. Af þessu voru forgangsumsóknir 127. Að gefa meðaltal fyrir aðeins borgarrekna leikskóla gefur ekki rétta mynd af aldri barna við inntöku í leikskóla í Reykjavík því mörg börn byrja í sjálfstætt starfandi leikskólum yngri og flytjast svo yfir í borgarrekna leikskóla þegar þau eldast. Borgin stendur undir stærstum hluta af rekstrarkostnaði sjálfstætt starfandi leikskólanna og um 16% reykvískra leikskólabarna ganga í sjálfstætt starfandi leikskóla. Einnig ber að rugla ekki saman hvað yngstu börnin eru gömul þegar þau hefja vistun og meðalaldri þar sem meðalaldur byggir á nýjum umsóknum, bæði þeirra sem fæddust í Reykjavík en jafnframt þeirra sem eru að flytja til borgarinnar og eru oft eldri og búin að vera í leikskólum í öðrum sveitarfélögum. Þá er borgin ekki með upplýsingar um aldur barnanna þegar þau hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum fyrr en þau hefja vistun að hausti. Einnig er rétt að nefna að yngstu börnin eru innrituð síðast af öllum (alltaf verið að innrita einhver börn í pláss sem losna óvænt) og haustið ekki enn hafið. Ekki er því hægt að lesa of mikið í meðalaldur barnanna þegar þau hefja vistun að svo stöddu. Til



Útskýringar er verið að bjóða börnum pláss um þessar mundir sem verða 18 mánaða þann 1. september næstkomandi, það er án forgangsumsóknna. Þegar börn í þeim aldurshópi hafa fengið boð um leikskólavist er byrjað að vinna með næsta aldurshóp. Þ.e. börn sem verða 16 – 17 mánaða þann 1. september næstkomandi eða börn fædd í mars og apríl 2022.


Miðað við stöðuna 15. júní 2023 er reiknaður meðalaldur barna við inngöngu í borgarrekna leikskóla að sjálfstætt starfandi leikskólum undanskyldum haustið 2023 23,0 mánaða og miðast við eftirfarandi forsendur.

- Aldur miðast við 1. september 2023.
- Aðeins er horft til vistunar- eða forgangsumsóknna. Aðrar umsóknir eru á milli leikskóla eða frá sjálfstætt starfandi leikskólum.
- Aðeins er horft til barna sem eru yngri en 3 ára þann 1. september. Börn sem eru eldri en þriggja ára eru oftast börn sem eru að flytja/eru nýlega flutt til borgarinnar eða foreldrar hafa kosið að sækja seinna um leikskólapláss fyrir.

Gert er ráð fyrir að sjálfstætt starfandi leikskólar taki inn a.m.k 300 börn til viðbótar en væntanlega fleiri. Þær upplýsingar byggja á því að það ættu að losna 211 pláss í sjálfstætt starfandi leikskólum þegar börn frá þeim hefja vistun í borgarreknum leikskólum. Þá eru 130 börn í sjálfstætt starfandi leikskólunum að hefja grunnskólagöngu næsta haust. Þau börn munu lækka meðalaldur haustsins verulega þar sem börn innritast almennt nær 12 mánaða aldri í sjálfstætt starfandi leikskólunum. Það er ekki hægt að segja til um aldur þeirra barna fyrr en þau hefja vistun og koma inn í skráningarkerfið hjá skóla- og frístundasviði. Betri mynd mun því fást síðla hausts.

Ef jafnframt er aðeins horft til þeirra barna sem voru með nýja umsókn hjá borginni áður en börnin urðu 12 mánaða, í þeim tilgangi að reyna að taka í burtu börn sem eru eldri og nýflutt til borgarinnar og líklega ekki að byrja í leikskólum í fyrsta skipti, þá er meðaltalið 22,1 mánaða. Þessar tölur breytast þó frá degi til dags eftir því sem innritun vindur fram og upphaf vistunar barnanna í sjálfstætt starfandi leikskólunum mun jafnframt leiða til talsverðrar lækkunar á meðalaldrinum eins og síðastliðin ár.

Eins og sést á eftirfarandi mynd þá börnin sem boðin hefur verið vistun á öllum aldri:





Reykjavíkurborg

Haldið er áfram að innrita eftir því sem fleiri leikskólapláss losna, til að mynda vegna barna sem fara í 5 ára deildir sjálfstætt starfandi skólanna og framkvæmdum á leikskólahúsnæði vindur fram. Innritun er ferli sem er stöðugt í gangi þótt flest börn hefji vistun að hausti. Til að mynda hefur 101 barn hafið vistun síðastliðna þrjá mánuði.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir fjölda barna á biðlista eftir borgarreknum leikskólum, miðað við 15. júní 2023. Tekið er fram að biðlistarnir eru sífellt að breytast og innritað er eftir því sem pláss losna.



Fjöldi á biðlista eftir leikskólum:

Leikskólar	12 til 18 mán.	18 mán. og eldri
Austurborg	16	6
Álftaborg	12	4
Árborg	2	1
Ártúnsskóli leikskóladeild	4	0
Bakkaborg	13	1
Bakki	1	0
Berg	5	0
Bjartahlíð	17	5
Blásalir	4	1
Borg	10	1
Brákarborg	13	3
Brekkuborg	10	2
Dalskóli	25	0
Drafnarsteinn	13	5
Engjaborg	12	5
Fífuborg	4	0
Funaborg	5	0
Furuskógur	11	7
Garðaborg	2	1
Geislabaugur	13	1
Grandaborg	1	0
Grænaborg	12	7
Gullborg	11	8
Hagaborg	7	0
Hamrar	7	2
Hálsaskógur	10	0
Heiðarborg	8	1
Hlíð	6	1
Hof	13	3
Holt	4	1
Hólaborg	4	2
Hraunborg	6	0
Hulduheimar	11	2
Jöklaborg	6	3
Jörfi	14	6
Klambrar	6	5
Klettaborg	3	2
Kvistaborg	4	7
Langholt	19	4
Laufskálar	6	0
Laugasól	7	1
Lyngheimar	12	6
Maríuborg	8	0



Reykjavíkurborg

Miðborg	14	6
Múlaborg	15	4
Nóaborg	9	8
Rauðaborg	8	0
Rauðhóll	17	0
Reynisholt	7	2
Rofaborg	12	1
Seljaborg	4	1
Seljakot	6	4
Sólborg	6	3
Stakkaborg	7	5
Steinahlíð	3	1
Suðurborg	6	1
Sunnuás	5	2
Sunnufold	8	0
Sæborg	10	7
Tjarnarborg/Öldukot	11	11
Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni	23	3
Ungbarnaleikskólinn Hallgerðargötu	28	13
Vesturborg	5	2
Vinagerði	6	3
Ægisborg	6	5
Ævintýraborg Eggertsgötu	7	3
Ævintýraborg Nauthólsvegi	8	3
Ævintýraborg Vogabyggð	4	0
Ösp	2	2